

Fundargerð 556

Fimmtudaginn 11. desember 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VÞÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:33 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Starfs- og rekstraráætlun 2026 - til afgreiðslu
2. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu
3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
4. Staða minkaræktar - til kynningar
5. Uppfærsla persónuverndarstefnu Byggðastofnunar - til afgreiðslu
6. Viðhorfskönnun - til umræðu
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Starfs- og rekstraráætlun 2026 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfs- og rekstraráætlun ársins 2026 sem AME kynnti.

Til máls tók SRH.

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun ársins 2026 og var hún samþykkt samhljóða.

2. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs með tillögum um úthlutun á styrkjum til meistaranema, fundargerð 21. fundar Byggðarannsóknasjóðs og stutt lýsing á þeim umsóknum sem bárust sem SEÞ kynnti.

Rannsóknarstyrkir eru veittir til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála. Skulu verkefnin vera á sviði byggðapróunar og kostur er ef verkefni hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðáætlunar. Stjórn Byggðarannsóknasjóðs metur umsóknir, raðar í forgangs röð og leggur fyrir stjórn Byggðastofnunar sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Á fundi stjórnar Byggðarannsóknasjóðs þann 28. nóvember 2025 var ákveðið að leggja til við stjórn Byggðastofnunar að veita jafna styrki til þriggja rannsóknarverkefna. Þau eru eftirfarandi:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Coastal Fishing in Rural Iceland: Impacts of the strandveiðar system	Kevin Graham Wells, Háskólasetri Vestfjarða	400.000 kr.
Nýsköpunarsetur og störf án staðsetninga - lykill að jákvæðri byggðapróun	Valdís Fjölvisdóttir, Háskóli Íslands	400.000 kr.
Sustaining the rural: assessing socioecological resilience through farming in Iceland	Martina Aymonod, Háskólasetri Vestfjarða	400.000 kr.

Til máls tóku MS, HI, HÓ, SRH, VÞÁ og AME.

Formaður bar upp tillögu um að samþykkja ofangreinda styrki og var hún samþykkt samhljóða.

3. Fundagerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur fundargerð lánanefndar nr. 43/25 sem HP reifaði.

HP upplýsti einnig um að lántökuheimild stofnunarinnar á árinu 2026 skv. frumvarpi til fjárlaga verði 5 ma.kr. Óskað var eftir 8 ma.kr. heimild sem ekki hefur verið orðið við.

Til máls tóku HB, AME, SRH, MS og VÞÁ.

Stjórn Byggðastofnunar áréttar mikilvægi þess að Byggðastofnun verði veitt 8 ma.kr. lántökuheimild á fjárlögum vegna ársins 2026 til að stofnunin geti sinnt aukinni eftirspurn eftir lánum, en í fjárlagafrumvarpi sem nú er til afgreiðslu þingsins er lántökuheimild einungis 5 ma.kr. Mikilvægt er að samfella sé í útlánastarfsemi stofnunarinnar og tryggt verði að nægt fé sé fyrir hendi svo ekki þurfi að draga úr framboði á lánsfjármögnun til atvinnureksturs í landsbyggðunum, þá sérstaklega á þeim svæðum þar sem virkur markaður með lánsfé er ekki til staðar. Vegna aukinnar ásóknar hefur stofnunin þurft að hægja á lánveitingum á þessu ári og ekki hefur verið lánað til endurfjármögnunar. Stjórn áréttar að um er að ræða aukna lántökuheimild en ekki útgjaldaaukningu.

Ásókn í lán Byggðastofnunar hefur aukist verulega á undanförunum misserum í kjölfar samnings við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) í byrjun júní 2024 um aðild að InvestEU samkomulaginu. Með honum voru nýir lánaflokkar kynntir til sögunnar auk þess sem farið var í markvissa vinnu við að bæta sýnileika stofnunarinnar og þá lánastarfseminnar. Þarna varð gríðarleg aukning í umsóknum til stofnunarinnar og eru engar vísbendingar um að sú eftirspurn muni minnka á næstunni. Árið 2024 var það stærsta í sögunni en ljóst var í sumar að árið 2025 yrði enn stærra.

Afar mikilvægt er einnig að auka fjárveitingu til Menntasjóðs námsmanna til að hægt sé að virkja heimild í lögum um sjóðinn um sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum, til að bæta mönnun á ákveðnum heilbrigðisstofnunum á þessum svæðum. Skilyrði fyrir ívilnuninni er að Menntasjóðurinn fái sér merktu fjárveitingu vegna þess.

Stjórn felur forstjóra að senda bókunina til fjárlaganefndar.

4. Staða minkaræktar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs um stöðu minkaræktar á Íslandi, sem stjórn óskaði eftir á fundi sínum 16. október sl., sem HP kynnti. Einnig liggur fyrir fundinum minnisblað sem lagt var fyrir stjórn árið 2019 sem fjallar um tímabundin rekstrarlán til loðdýrabænda.

Lítið fer fyrir minkarækt á Íslandi í dag en sex bú voru starfandi á landinu í ár, fimm á Suðurlandi og eitt í Mosfellsbæ, með um 8.400 dýr. Í dag er eitt minkabú starfrækt á landinu samkvæmt upplýsingum af vef Bændablaðsins 4. desember. Þar kom fram að fimm bú hætta starfsemi eftir pelsun í vetur og Fóðurstöð Suðurlands lokar. Því er einungis eitt bú eftir með um 2.000 læðum, staðsett í Mosfellssveit.

Til máls tóku HB, MS, MH, AME, VÞÁ, SRH, HÓ og HGÓ.

5. Uppfærsla persónuverndarstefnu Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur uppfærð persónuverndarstefna Byggðastofnunar sem HÁ kynnti.

Uppfæra þarf stefnu Byggðastofnunar þar sem forstöðumaður lögfræðisviðs hefur aftur tekið við stöðu persónuverndarfulltrúa - engar aðrar breytingar eru gerðar á stefnunni

Til máls tók MS.

Formaður bar upp persónuverndarstefnu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Viðhorfskönnun - til umræðu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá SRH sem hann kynnti þar sem lagt er til að Byggðastofnun láti framkvæma viðhorfs- og traustkönnun meðal almennings í því skyni að afla áreiðanlegra gagna um ímynd stofnunarinnar, traust til starfseminnar og skilning á hlutverki hennar. Könnunin verði unnin af óháðu tölfraði- og greiningarfyrirtæki með viðeigandi sérþekkingu og byggð á slembiúrtaki fullorðinna landsmanna, með mögulegu viðbótarúrtaki í sjávarbyggðum ef nauðsyn krefur. Spurningalisti taki m.a. til þekkingar á hlutverki stofnunarinnar, trausts, upplifunar af þjónustu, viðhorfa til einstakra verkþátta, auk mats á ímynd og upplýsingamiðlun. Niðurstöður verði greindar eftir landshlutum og samfélagshópum og kynntar í greinargerð ásamt tillögum.

Til máls tóku VÞÁ, HGÓ, HB, HÓ, AME, HI og SEÞ.

Stjórn felur starfsfólki að kynna niðurstöður úr þeim könnunum og skýrslum sem þegar hafa verið gerðar á næsta fundi stjórnar.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

8. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 15. janúar 2026 og er fjarfundur.

Formaður þakkaði starfsfólki og stjórn fyrir samstarfið á árinu og óskaði fólki gleðilegra jóla og sleit formaður fundi kl. 12:32.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson